

21
31. maí

L Ö G

um

breyting á og viðauka við lög nr. 26, 15. júní 1926, um heimild fyrir veðdeild Landsbanka Íslands til þess að gefa út nýja flokka (seríur) bankavaxtabrjefa.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Heimilt skal, að 7. flokkur veðdeildarinnar nemi alt að 4 milj. króna.

2. gr.

Ríkisstjórninni skal heimilt að taka lán erlendis, alt að $4\frac{3}{4}$ milj. króna. Lánsfjenu má verja til þess að kaupa veðdeildarbrjef og jarðræktarbrjef, enda sje kaupverði og vöxtum brjefanna hagað svo, að ríkissjóður verði skaðlaus af kaupunum, miðað við gengi íslenskrar krónu á lántökudegi.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Sorgenfríhöll, 31. maí 1927.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Jón Þorláksson.